



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Lagt fyrir 386. fund velferðaráðs þann 18. nóvember 2020
VEL2020100012
RÁ/bm

Umsögn

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: *Umsögn um bókun öldungaráðs Reykjavíkur um afnot á núverandi húsnæði félagsmiðstöðvarinnar Selsins til húsfélagsins Sléttuvegi 11-13 til loka árs 2021, án greiðslu leigu.*

Á fundi öldungaráðs þann 5. október 2020 var lagt fram að nýju erindi frá stjórn húsfélagsins að Sléttuvegi 11-13 vegna væntanlegrar lokunar félagsmiðstöðvarinnar Selið, Sléttuvegi 11-13. Öldungaráð lagði fram eftirfarandi bókun sem vísað var til velferðarsviðs þann 7. október 2020:

„Vegna ástandsins í þjóðfélaginu óskar öldungaráð Reykjavíkur eftir að velferðarsvið taki það til skoðunar hvort unnt sé að láta húsfélagið Slétturvegi 11 - 13 fá húsnæði félagsmiðstöðvarinnar Selsins til afnota án greiðslu húsaleigu til áramóta 2021/2022. Öldungaráð telur mikilvægt á þessum tímum sem nú eru í heiminum að styðja við þá hópa sem líklegastir eru til að einangrast og er þar helsti áhættuhópurinn aldraðir. Með því að loka Selinu þannig að íbúar hússins hafi ekki aðgang að húsnæðinu og vísa þeim einstaklingum er það sækja annað eykst sú hættu.“

Umsögn:

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar er með fjárveitingu í ramma sviðsins til leigu á húsnæði Selsins til ársloka 2020. Mánaðarleg leiga fyrir sal er 477.000 kr. og leiga fyrir gang sem leigður er af húsfélaginu er 50.000 kr. á mánuði. Árlegur leigukostnaður velferðarsviðs er því 6.324.000 kr. Leigufjárhæðin tekur breytingum í hlutfalli við vísitölu neysluverðs. Sé miðað við 3,5% hækkun vísitölu er áætlaður leigukostnaður samtals 6.545.000 kr. vegna ársins 2021.

Ákvörðun um lokun félagsmiðstöðvarinnar Selsins, Sléttuvegi 11 byggði á því að opnuð yrði félagsmiðstöð í tengslum við hjúkrunarheimili, leiguíbúðir og dagdvöl á Sléttuvegi 25. Árið 2011 skrifuðu Reykjavíkurborg og Sjómannadagsráð undir þjónustusamning um rekstur félagsmiðstöðvar fyrir eldri borgara þar. Félagsmiðstöðin Sléttan opnaði í maí 2020. Starfsmenn Sléttunnar hafa kynnt íbúum Sléttuvegar 11-13 nýju starfsemina með dreifibréfum og tölvupóstum en vegna samkomutakmarkana í

tengslum við Covid-19 faraldurinn hefur kynningastarfið almennt verið minna en fyrirhugað var. Nokkrir íbúar úr Selinu hafa þegar tekið þátt í félagsstarfi á Sléttunni.

Undanfarin ár hefur verið opið í Selinu frá kl. 10:00-16:00 mánudaga til fimmtudaga og kl. 10:00-14:00 á föstudögum. Lokað er um helgar. Á dagskránni hefur verið kaffi kl. 10:00, matur kl. 11:30-12:30 og fjóra daga í viku hefur verið boðið upp á virkni í eina klukkustund í senn, þ.e. félagsvist, handavinnu, leikfimi og framhaldssögu. Þar fyrir utan hafa verið haldnir einstakir viðburðir í húsinu, eftir árstíðum þ.e. jólakaffi, þorablót, sviðamessa og grillveisla. Virkt notendaráð er í húsinu.

Íbúar hafa lengi vitað að flytja ætti starfsemi Selsins á Sléttuna og hefur helsta áhyggjuefni verið það að þeir íbúar sem eru með skerta hreyfigetu vegna aldurs gætu átt í erfiðleikum að komast á milli húsanna. Þótt vegalengdin sé ekki löng er um brekku að fara og þar getur myndast hálka á veturna.

Húsfélagið hefur óskað eftir að reka sjálft félagsstarf í húsnæðinu út árið 2021. Fjármagn fyrir leigunni er ekki til í ramma velferðarssviðs árið 2021 og velferðarsvið telur mikilvægt að húsfélagið fái að vera með starfsemi í húsinu þar til það selst og samhliða verði unnið að því að gera samgöngur á milli Sléttuvegar 11 – 13 og Sléttunnar öruggar svo íbúar geti stundað félagsstarf þar.